

SKIPULAGSSKRÁ

Landgræðslusjóðs.

1. gr.

Nafn og lögheimili.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Lögheimili hans er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur.

Sjóðurinn var stofnaður fyrir atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna og forgöngu Skógræktarfélags Íslands, samtímis atkvæðagreiðslunni 20.-23. maí 1944, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi.

3. gr.

Merki sjóðsins.

Merki sjóðsins er bjarkarlaufin þrjú, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna notaði kjördagana og afhenti síðan Skógræktarfélagi Íslands að gjöf.

4. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins var:

a) Frjáls framlög er söfnuðust	kr. 130.000
b) Eftirstöðvar þess fjár, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna barst frá nokkrum stofnunum, til þess að standa straum af kostnaði í sambandi við lýðveldiskosningarnar	<u>kr. 250.000</u>
	kr. 380.000

Núvirði stofnfjár miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs frá maí 1944 til júlí 2001 er kr. 15.926.500.

5. gr.

Aflafé.

Tekjur sjóðsins eru:

- I. Framlög og söfnunarfé.
- II. Gjafir frá einstaklingum og fyrirtækjum.
- III. Vextir og arður af eigin fé.

6. gr.

Markmið.

Verksvið sjóðsins er að stuðla að landgræðslu og gróðurvernd, en meginmarkmið hans skal þó vera að taka þátt í og styrkja verkefni á sviði skógræktar, einkum á vegum aðildarféлага Skógræktarfélags Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn Landgræðslusjóðs skal skipuð 5 einstaklingum. Stjórn Skógræktarfélags Íslands kys úr sínum hópi þrjá fulltrúa til þriggja ára í senn og þrjá til vara. Auk þess eiga skógræktarstjóri og landgræðslustjóri sæti í stjórninni og tilnefna þeir varamenn í forföllum sínum. Stjórnin skiptir með sér verkum. Formaður skal vera einn af fulltrúum Skógræktarfélags Íslands.

8. gr.

Ársreikningar.

Stjórnin leggur starfsskýrslu og ársreikninga sjóðsins fyrir aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Reikningarnir skulu staðfestir af löggiltum endurskoðendum og sendir Ríkisendurskoðun ásamt starfsskýrslu.

9. gr.

Fjárvarsla.

Stjórnin sér um varðveislu eigna og ávöxtun á fé sjóðsins. Hún skal leitast við að tryggja sem besta ávöxtun á hverjum tíma án þess að stofna fé sjóðsins í hættu og gæta þess að eignir skili eðlilegum arði. Eigið fé sjóðsins samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2000 nam kr. 163.189.647. Eigið fé er óheimilt að skerða.

10. gr.

Úthlutun styrkja.

Sjóðsstjórn setur reglur um umsóknir og úthlutun styrkja í samræmi við markmið sjóðsins og ákveður upphæð þá, er úthluta skal hverju sinni og sérstök skilyrði henni tengd.

Árlega skal reikna raunvexti samkvæmt gr. 5/III og er stjórn heimilt að verja 90% þeirra til að framfylgja markmiðum sjóðsins. 10% raunvaxta skulu leggjast við höfuðstól.

Við úthlutun og mat á umsóknum skal helst tekið tillit til gildis verkefnisins, framkvæmda- og kostnaðaráætlunar, sem og umhverfislegra þátta. Heimilt er að veita styrki til verkefna sem unnin eru í samstarfi við aðra en þá skal umsækjandi gera sérstaka grein fyrir öðrum styrktaraðilum.

Styrkþegar skulu gera sjóðnum grein fyrir framgangi verkefna eftir reglum þeim sem sjóðurinn ákveður hverju sinni. Ef styrkþegar vanrækja þessa skyldu eða framkvæmdaáætlun er ekki haldin, getur sjóðsstjórnin dregið styrkveitingu til baka tímabundið eða endanlega.

Verði árlegu ráðstöfunarfé ekki öllu varið skv. framanskráðu skal afgangur þess leggjast við höfuðstól.

11. gr.

Rekstur.

Stjórnin skal fyrir ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn. Allur rekstrarkostnaður greiðist úr sjóðnum.

12. gr.

Gerðabók.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók þar sem skráðar skulu fundargerðir stjórnarfunda. Þar skal einnig skrá öll erindi sem berast stjórn og með hvaða hætti þau eru afgreidd.

13. gr.

Skipulagsskrá.

Skipulagsskrá sjóðsins má því aðeins breyta, að meirihluti stjórnar sjóðsins sé því samþykktur og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með þremur fjórðu hlutum greiddra atkvæða. Leitað skal umsagnar Ríkisendurskoðunar.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð nr. 385 frá 14. ágúst 1991.

Samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands dagana 24.-26. ágúst 2001.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 5. desember 2001.

F. h. r.

Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ**minningarsjóðs Lárusar Sveinssonar trompetleikara.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lárusar Sveinssonar. Er hann stofnaður til minningar um Lárus Sveinsson trompetleikara, sem fæddur var 7. febrúar 1941 og lést þann 18. janúar 2000.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnilega málmblásara til náms erlendis, einkum til Vínarborgar.

3. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Stofnendur eru Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands, fjölskylda Lárusar Sveinssonar, Félag íslenskra hljómlistarmanna, kór Íslensku óperunnar, Mosfellsbær og Jón M. Guðmundsson, Reykjum, Mosfellsbæ.